

**Fundargerð foreldrafélagsins,
mánudaginn, 2. okt. kl. 12:00 á Hótel Öldunni**

Mættar eru Elva, Jóhanna, Eva, Auður og Tinna sem ritar fundargerð.

Fundardagskrá:

- 1 **Fundargerð síðasta fundar:** samþykkt.
- 2 **Foreldrafundur í bekkjum:** foreldrasáttmálinn lagður fyrir fyrir alla bekki en ekki allir skrifuðu undir. Góð mæting hjá yngsta stigi, ágæt hjá miðstigi og slöpp hjá elsta stigi. Rætt um að leggja áherslu á að kynna þessar hugmyndir og hafa opna umræðu frekar en undirskriftir. Tenglamöppur þínar að umbreytast í pdf á vefsíðu Heimili og skóla. Hugmynd að funda með tenglunum eftir að nemendaráð er búið að hittast.
- 3 **Helstu verkefni vetrarins og starfsáætlun 2017-2018:** Rætt um að breyta aðeins helstu verkefni.
- 4 **Síðasti fræðslufundur og fundir skólaráðs:** Ekki búið að funda ennþá í skólaráði. Elfa segir frá síðasta fundi fræðslunefndar.
- 5 **Fótboltavallarmálið og viðhald útileiktækja:** Ný skýrsla sem bendir á að kurlið er ekki jafn hættulegt og áætlað var. Ákveðið að taka málið fyrir á vorverkahátíð, verkaskipta eftir árgöngum og kýla málið í gegn.
- 6 **Tómstundir fyrir börn á sumrin:** Ákveðið að ræða betur seinna í vetur.
- 7 **Örnámskeið fyrir börn og foreldra:** Ákveðið að setja í salt og leggja áherslu á tengslastarfið innan skólans.
- 8 **Umferðaröryggi:** Elfa ætlar að rannsaka hver staðan er hjá skólaráði.
- 9 **Næsti fundur:** Færa fram um eina viku, mánudaginn 30. okt. kl. 12:00,